

Fundargerð Íbúasamtakanna Átaks

Haldin í húsi Blábankans og á teams fundi kl 19:30 09/0305/2023

Mætt: Guðmundur Jónsson, Helgi Ragnarsson, Guðrún Steinþórsdóttir, Birta Bjargardóttir, Guðrún Guðmundsdóttir, Hanna Gerður Jónsdóttir, Agnes Arnardóttir

Dagskrá

1. **Aðalfundur.** Rætt var um aðalfund Íbúasamtakanna Átaks sem fer fram 16 maí næstkomandi kl 21:30 sem fram fer í Félagsheimilinu á Þingeyri. Auglýsing hefur farið í loftið með auglýsingu verkefnissins Öll vötn. Settur verður saman póstur til auglýsingar á Á döfinni hópnum á Facebook. Einnig er möguleiki á dreifibréfi. Í nýja stjórn vantar 2 Aðalmenn (þar af nýjan Formann) og 2 Varamenn. Guðrún Steinþórsdóttir lýsti yfir áhuga á formannsstarfi. Agnes Arnardóttir hefur verið fengin til fundarstjórnar

2. **Vorverk.** Samþykkt hefur verið að laugardagurinn 20 maí verði hreinsunardagur í Dýrafirði. Samþykkt var að leita til fyrirtækja á svæðinu um þáttöku. Styrkja er óskað í grillveislu í lok dags (pýlsur, Hamborgarar) og plokk klær til að auðvelda plokkurum. Helgi tók að sér að heyra í Íslensku Sjávarfangi og Arctic Fish og sjá hvort þeir hafi áhuga. Kanna þarf hvort Ísafjarðarbær eigi styrk í td grillveislu. Guðrún Steinþórs ætlar að búa til dreifibréf sem verður dreift í hús.

- Rætt var óprifnað í kringum ákveðin svæði, þar að nefna “sláturhúsið” og Gamla olíuportið við höfnina, tankinn og beð og sígarettustubba í kringum Íslenskt sjávarfang. Viljum við hvetja til að þessu verði fylgt eftir af Ísafjarðarbæ eða heilbrigðiseftirliti ef við á.
- Rætt var um “Gamla Sjöppan” á Þingeyri sem stendur enn fyrir framan Hafnarstræti 6. Sjöppan er í mjög slæmu ástandi og hefur farið ört versnandi í vetur. Þak er byrjað að losna og er töluverð fohætta frá húsinu. Leggjum við til að húsið verði fjarlæggt sem allra fyrst.

3. **Dýrafjarðardagar 2023** kynnt var fyrir stjórn Átaks plön um að haldnir verði Dýrafjarðardagar helgina 14-16 júlí. Sagt var frá því að vinna stæði yfir að fá kennitölu og skráningu á nýrri stjórn, ásamt því að farið var yfir hugmyndarvinnu nýrrar stjórnar. Óskað var eftir stuðning frá íbúasamtökum um að útistandandi styrkir verkefni Öll vötn sem hafa ekki verið sóttir í sambærileg verkefni verði lögð inn í verkefnið Dýrafjarðardagar

4. Önnur mál:

- Rætt var um aðkomu kunnugra sjálboðaliða og göngumanna að hjálpa til við að stika út gönguleiðir hér í Dýrafirði svo hægt er að ljúka útgáfu á korti sem sýnir vinsælar gönguleiðir.
- Rætt var um fiskeldissjóð. Lagt var til að halda sérstakan fund eingöngu um umsóknir um styrki í Fiskeldissjóð. Lagt var til að Íbúasamtökin hefji vinnu við greiningu á verkefnum sem gætu flokkast sem styrkhæfir í sjóðinn og benda á að Dýrafjörður ber 10.000.- tonna lífmassa og styrkir séu ekki veittir í samræmi við það. Mikil vöntun er á uppbyggingu í bænum ss Gangstéttir, gatnagerð, viðhald mannvirkja, fráveitukerfi og fleira. Íbúasamtökin geta hjálpað til við að veita innsýn í mikilvæg verkefni
- Fundargerð Helgi Ragnarsson

